

## REGLUGERÐ

### um (2.) breytingu á reglugerð nr. 1077/2006 um ávísanir tannlækna á lyf.

1. gr.

*Lyf, sem tannlæknar mega ávísa sjúklingum.*

Á eftir B03 Blóðskortslyf, í 2. tl. 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar bætist nýr ATC-flokkur: B 05 BB 01 Elktrólýtar. Á eftir V 03 AB, í 2. tl. 2. mgr. 2. gr. bætist nýr ATC-flokkur: V 07 AB leysi- og þynningarvökvar.

2. gr.

*Undanþágur.*

4. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Ráðuneytið getur veitt tannlækni með sérfræðileyfi eða sérþekkingu og reynslu, undanþágu til að ávísa lyfjum, öðrum en þeim sem tilgreind eru í þessari reglugerð að fenginni umsögn landlæknis og Lyfjastofnunar.

3. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 12. og 50. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Velferðarráðuneytinu, 11. apríl 2016.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
heilbrigðisráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Margrét Björnsdóttir.*